

Umsögn Samtakanna '78 um tillögu forsætisráðherra til þingsályktunar um framkvæmdaáætlun í málefnum hinsegin fólks 2022-2025

Í hnotskurn

Samtökin '78 fagna því eindregið að loksins sé fram komin framkvæmdaáætlun stjórnvalda í málefnum hinsegin fólks. Samtökin eru sérstaklega ánægð með að stjórnvöld geri það að markmiði sínu að breyta lagaumhverfinu þannig að Ísland standi betur á Regnbogakorti ILGA-Europe, sem metur lagaleg réttindi hinsegin fólks í Evrópu og Mið-Asíu. Það að laga misræmið milli samfélagslegs samþykkis og lagalegrar stöðu hinsegin fólks á Íslandi hefur lengi verið áherslumál Samtakanna '78.

Við viljum þakka fyrir það samráð sem haft var við Samtökin '78 við gerð áætlunarinnar, þótt margt sem bent var á af samráðshópnum hafi ekki ratað inn í áætlunina. **Pau atriði sem við viljum helst benda á og mæla með að bætt verði úr eru eftirfarandi:**

- Brýnt er að bæta löggjöf er varðar hinsegin umsækjendur um alþjóðlega vernd
- Bæði transteymin á Landspítala eru vanfjármögnuð og úr því verður að bæta strax
- Fara þarf í markvissar aðgerðir til að stemma stigu við hatri í garð minnihlutahópa
- Flýta þarf úttekt og úrbótum á aðgengi trans fólks að vinnustöðum, sundstöðum og íþróttamannvirkjum
- Forgangsráða þarf alvöru úrbótum og aðgerðum til að bæta stöðu hinsegin ungmenna

Athugasemdir við einstakar greinar

Grein nr. 3

Samtökin '78 hafa lengi kallað á eftir því að staða hinsegin fólks á Íslandi verði könnuð og rannsökuð almennt og því er þessi grein sérstakt fagnaðarefni. Samtökin óttast þó að þessir fjármunir (5 milljónir) muni alls ekki duga til að kanna stöðuna nægilega vel og hvetja stjórnvöld til að bæta í þar sem rannsóknin er afar yfirgripsmikil. Einnig hvetja Samtökin '78 stjórnvöld til þess að fá fleiri aðila að borðinu við gerð rannsóknarinnar því viðfangsefnið eru ólík og krefjast sjónarhorns fleiri en færri aðila. Eins er mikilvægt að rannsóknir tefji ekki mikilvægar aðgerðir sem grípa þarf til og hefja vinnu við strax.

Grein nr. 5

Samtökin '78 fagna því að fræðsla til lögregluþjóna sé í aðgerðaáætlun stjórnvalda. Árið 2019 hófst grunnvinna við að kortleggja þörf á fræðslu um hinsegin málefni innan lögreglunnar, en þá var unnið sérstaklega með lögreglunni á höfuðborgarsvæðinu. Vegna margra ólíkra þátta þá var sú vinna ekki kláruð og því brýnt að setja aftur áherslu á þennan málaflokk. Samtökin '78 vilja beina því til stjórnvalda að tryggja öllum lögregluþjónum fræðslu um stöðu hinsegin fólks, hvort sem lögregluþjónarnir eru við vinnu eins og er eða í námi í lögreglu- og

löggæslufræði við HA. Samtökin hafa unnið vel með HA og komið inn með fræðslu til nemenda en þetta þarf að tryggja með góðum hætti svo vel verði að fræðslunni staðið. Það er fagnaðarefni að þessi fræðsla rúmast innan fjárheimilda, en sértæk fræðsla á borð við þessa krefst þó einnig töluverðs tíma í rannsóknarvinnu og gerð fræðsluefnis. Samtökin '78 vilja benda stjórnvöldum á verkefnið *Saman gegn ofbeldi* sem unnið var í samvinnu við Reykjavíkurborg og Lögregluna, en sú vinna gæti nýst sem ákveðinn grunnur fyrir frekari fræðslu til lögregluþjóna. Aukinheldur var samstarf Samtakanna '78 með Neyðarlínunni um heimilisofbeldi og birtingarmyndir þess ákaflega gott og getur mögulega nýst einnig í áframhaldandi vinnu.

Grein nr. 6

Samtökin '78 fagna því að þessi aðgerð hafi ratað inn í þingsályktunartillögu stjórnvalda. Síðustu ár hefur Íþróttahreyfingin lyft grettistaki í fræðslu til þjálfara þegar kemur að hinsegin börnum og þá sérstaklega trans börnum, en þó er mjög margt óunnið. Samtökin '78 hafa unnið með ÍSÍ og KSÍ þegar kemur að gerð fræðsluefnis og einnig hafa Samtökin '78 frætt hjá báðum aðilum, hvort sem það er á þjálfaranámskeiðum eða með fræðslu til stjórnenda. Samtökin benda á bæklinginn *Trans börn og íþróttir* sem gefinn var út af Íþrótt- og Ólympíusambandi Íslands árið 2020. Einnig fagna Samtökin '78 því að stjórnvöld telji þessa aðgerð sem greinin tæpir á rúmast innan fjárheimilda því þessi fræðsla getur verið kostnaðarsöm þar sem um er að ræða eina stærstu fjöldahreyfingu á Íslandi.

Grein nr. 7

Samtökin '78 telja að við séum komin með nægilegt magn gagna til þess að ráðast strax í beinar aðgerðum þegar kemur að líðan hinsegin barna og ungmenna í skóla. Nærtækasta dæmið er könnun sem unnin var af Samtökunum '78 sem byggð var á GLSEN's 2015 *National School Climate Survey* könnuninni, þýdd og staðfærð af Menntavísindasviði HÍ, GLSEN og Samtökunum '78. Í henni kom fram að mikil þörf er á því að bæta líðan hinsegin ungmenna innan skólakerfisins. Einnig hafa fleiri aðilar kannað þessi mál á síðustu árum og áratug. Í skýrslu sem Samtökin '78 unnu úr könnun sinni kemur m.a. fram:

Það eru úmsar ástæður fyrir því að skólinn geti verið staður þar sem hinsegin ungmenni finna til óöryggis. Nemendur í þessari könnun voru spurð hvort þau hefðu einhvern tímann fundið til óöryggis í skólanum síðasta ár vegna eigin persónueinkenna eða atgervis, þar með talið kynhneigð, kyngervi, kyntjáníng (t.d. vegna þess hversu „karlmannleg“ eða „kvenleg“ þau væru í útliti eða háttum) og líkamsstærð eða þyngd.

Nemendur í könnun okkar voru spurð hversu oft á síðasta ári þau hefðu verið áreitt með orðum (til dæmis verið uppnefnd eða þeim ógnað) í skólanum sérstaklega vegna persónulegra einkenna. Þriðjungur (32,2%) kvaðst hafa orðið fyrir slíku einhvern tímann á síðasta ári vegna einhverra af þeim persónueinkennum sem upp voru talin.

Þegar litið er til líkamlegrar áreitni kemur í ljós að eitt af átta hinsegin ungmennum hefur orðið fyrir því að vera líkamlega áreitt (til dæmis verið hrint) einhvern tímann á síðasta ári vegna einhverra persónueinkenna. Þessi áreitni fylgir svipuðu mynstri og sú munnlega – nemendur segjast oftast verða fyrir líkamlegri áreitni vegna kynhneigðar, kyngervis eða kyntjáníngar.

Hinsegin nemendur voru ólíklegri til að greina frá því að hafa orðið fyrir líkamlegu ofbeldi (til dæmis með höggum eða spörkum) en munnlegri eða líkamlegri áreitni, enda um alvarlega verknaði að ræða í slíkum tilfellum. Engu að síður hafði nærri einn af hverjum tuttugu (4,6%) hinsegin nemendum orðið fyrir líkamsárás í skólanum síðasta skólaár vegna einhverra persónueinkenna.

Viðvera styðjandi starfsfólks hafði bein tengsl við það hversu jákvæðar tilfinningar hinsegin nemendur höfðu til skólans og menntunar sinnar. Starfsfólk innan skóla gegnir lykilhlutverki þegar kemur að því að tryggja öruggt námsumhverfi fyrir alla nemendur og því ættu þau að bregðast við þegar þau verða vör við niðrandi orðræðu og að verið sé að níðast á þeim sem á einhvern hátt skera sig úr. Þegar starfsfólk skarst í leikinn þegar þau heyrðu hinseginhæðandi athugasemdir, höfðu hinsegin nemendur jákvæðari tilfinningar til skólans og menntunar.

Með því að leyfa hinsegin tengdum málefnum að birtast í jákvæðu ljósi í námsefni og kennslu er hægt að ýta undir að hinsegin nemendum finnst sem þau séu verðmætir meðlimir skólasamfélagsins og það getur einnig byggt upp jákvæð viðhorf gagnvart hinsegin fólki hjá samnemendum þeirra, sem í framhaldinu skilar sér í jákvæðara skólaumhverfi. Raunin virðist vera sú, að þau hinsegin ungmenni sem fengu uppbyggilega fræðslu um hinseginleikann, hinsegin sögu og viðburði voru líklegri til að finnast samnemendur sínir jákvæðir gagnvart hinsegin fólki.

Vegna þessa (sjá skýrsluna í heild sinni [hér](#)) þá er afar mikilvægt að forgangsraða beinum aðgerðum strax í stað þess að kanna umhverfið nánar. Við vitum hvernig umhverfið er. Lögum það.

Grein nr. 8

Afar mikilvægt er að ráðast í aðgerðir þegar kemur að heimilisofbeldismálum hinsegin fólks. Skv. óformlegri könnun sem Samtökin '78 framkvæmdu fyrir nokkrum árum þá komu niðurstöður nokkuð á óvart og tengdust gjarnan börnum. Heimilisofbeldi í garð hinsegin barna og ungmenna er falið og því getur reynst erfitt að ráðast að rótum þess. Skv. könnuninni þá kom í ljós að algengasta tegund heimilisofbeldis var andlegt ofbeldi foreldra gegn börnum. Ráðast þarf í mikla grunnvinnu í þessum málaflokki, afta þekkingar og nálgast viðfangsefnið af virðingu og umburðarlyndi. Oft höfum við ólíka skilgreiningu á því hvað telst til ofbeldis, og það þarf jafnframt að skilgreina tiltekna tegundir ofbeldis með það í huga að aðstoða fjölskyldur og uppræta fordóma, án þess að dæma eða sundra. Samtvinna þarf þjónustu sveitarfélaga, barnaverndar og einnig félagasamtaka sem vinna með börnum, t.d. Samtakanna '78.

Grein nr. 9

Samtökin '78 fagna því að lagabreyting er varðar hatursorðræðu og -glæpi rati í framkvæmdaáætlunina, en á Íslandi er engin skilgreining á hatursglæpum og ekkert í lögum sem fjallar sérstaklega um hatursglæpi, sem þýðir að ofbeldisbrot teljast jafn alvarleg hvort sem þau eru framin á grundvelli haturs í garð minnihlutahópa eða ekki. Þeirri breytingu sem hér er lögð til hafa Samtökin '78 barist fyrir lengi og eru t.a.m. einn fárra aðila sem rekið hafa mál fyrir dómstólum á grundvelli laga um hatursorðræðu.

Það er Samtökunum '78 afar mikilvægt að við greinina verði bætt við *kyntjáning* því oftar en ekki þá er ofbeldi, hvort sem er andlegt eða líkamlegt, beint gegn þeim einstaklingum sem hafa sk. ódæmigerða kyntjáningu, þ.e. falla ekki nákvæmlega inn í kynjanorm samfélagsins hverju sinni. Kveikja ofbeldis er því gjarnan líklegri til að

vera vegna kyntjningar en vegna t.d. kynhneigðar, þar sem birtingarmynd kynhneigðar gagnvart samfélaginu er oftar en ekki kyntjning einstaklings.

Samtökin '78 fagna allri vinnu sem lögð er í það að bregðast við hatri, en mikilvægt er að hafa í huga að á Íslandi er engin heildstæð stefna til að bregðast við hatri gagnvart minnihlutahópum eða hvernig á að takast á við það eða sporna gegn því. Úr þessu þarf að bæta hið fyrsta. Miðað við beinar skráningar Samtakanna '78 á hatursglæpum gegn hinsegin fólki á undanförunum misserum og dæmi sem við höfum innan úr t.d. grunn- og framhaldsskólum, teljum við sérstaklega mikilvægt að gripið verði inn í núna með metnaðarfullri og fjármagnaðri aðgerðaráætlun gegn hatri í garð minnihlutahópa.

Grein nr. 10 og 11

Drög að breytingum á reglugerð um hollustuhætti hefur nú þegar verið birt í samráðsgátt stjórnvalda. Það er mikið fagnaðarefni að við breytingu á reglugerðinni hafi lög um kynrænt sjálfræði verið höfð til hliðsjónar. Vona Samtökin '78 að þessi grein aðgerðaráætlunarinnar verði kláruð fljótt, enda eftir ekki neinu að bíða. Að mati Samtakanna '78 þá hefði þurft að fara í úttekt fyrir þó nokkru síðan til að úta undir reglugerð um hollustuhætti. Það er von okkar að úttektin taki skjótan tíma svo reglugerðin geti náð markmiðum sínum sem allra fyrst. Samhliða er nauðsynlegt að tryggja viðeigandi fræðslu um hinsegin fólk í kynjuðum rýmum og þá sérstaklega trans fólk sem margt hvert veigrar sér við því að nota kynjuð rými.

Grein nr. 12

6. gr laga um kynrænt sjálfræði segir: *Opinberum aðilum og einkaaðilum sem skrásetja kyn ber að gera ráð fyrir hlutlausri skráningu kyns, t.d. á skilríkjum, eyðublöðum og í gagnasöfnum, og skal skráningin táknuð á óbyggjandi*
Í sömu lögum segir: *Brot gegn 3. mgr. 4. gr., 1. másl. 2. mgr. 6. gr. og 3. mgr. 9. gr. laga þessara og reglugerðum settum samkvæmt þeim geta varðað sektum nema þyngri refsing liggji við samkvæmt öðrum lögum. Sektir renna í ríkissjóð.*

Samtökin '78 ásamt Trans Íslandi hafa útbúið greinargóðar leiðbeiningar um kynskráningar en þær má nálgast á vefsíðum beggja félaga, t.d. [hér](#). Samtökin '78 telja að aðgerðin eigi ekki að einskorðast við sveitarfélög heldur alla opinbera aðila, enda hlýtur að vera hægt að samnýta þessa vinnu þvert á svið samfélagsins.

Grein nr. 13

Samtökin '78 fagna aukinni fræðslu, en best væri ef fræðslan væri í boði fyrir starfsfólk hins opinbera almennt en einskorðist ekki við sveitarfélög. Fara þarf í vandaða greiningarvinnu fyrir hvern hóp fyrir sig enda er hinsegin fræðsla afar víðfeðm og tekur á ólíkum þáttum fyrir ólík svið. Stjórnvöld þurfa að vera með skýra áætlun um það hver sinnir fræðslunni og stendur að gerð fræðsluefnis. Einnig mega stjórnvöld taka það til sín að aðeins einn starfsmaður með sérþekkingu á hinsegin málefnum vinnur að þeim í hinu opinbera kerfi. Fjölga mætti fulltrúum sem vinna að jafnréttis- og mannréttindamálum hinsegin fólks innan opinbera kerfisins, hjá sveitarfélögum og hjá ríkinu.

Grein nr. 14

Sannarlega þarf að kanna stöðu og aðgengi hinsegin fólks á vinnumarkaði, en við teljum því best náð fram með því að ræða við einnig við hinsegin fólk á vinnumarkaði.

Samtökin '78 velta því jafnframt fyrir sér hvort könnun meðal atvinnurekenda sé besta leiðin til að ná fram markmiði aðgerðarinnar, sem er að vekja athygli á stöðu hinsegin fólks á vinnumarkaði og mikilvægi fjölbreytileika á vinnustöðum. Við teljum a.m.k. eðlilegt að gera ráð fyrir vinnu í framhaldi þar sem athygli yrði vakin á stöðunni umfram það að gera könnun.

Grein nr. 16

Samtökin '78 telja að mun meira þurfi að gera þegar kemur að þessari grein. Ekki er nóg að skrifa og samþykkja verklagsreglur heldur þarf að styrkja bæði transteymi BUGL og LSH. Fjármagn fylgdi ekki lögum um kynrænt sjálfræði og biðlistar á báðum stöðum hafa lengst mikið á síðustu misserum. Tryggja þarf transteymunum meira fjármagn á sama tíma og auka þarf þekkingu í málaflokknum og stórauka mönnun.

Það þarf einnig að vera skýrt að teymin geti leitað sér þekkingar utan heilbrigðiskerfisins og tryggt sambönd sín við viðeigandi félagasamtök hverju sinni. Skurðstofutímar hafa verið skornir niður hjá transteymi LSH sem gerir það að verkum að tveggja ára bið er nú eftir aðgerðum. Þessi staða er algjörlega óásættanleg, enda er um mannlíf að ræða. Ljóst er að trans fólk á svo sannarlega betra skilið og auka verður skurðstofutíma transteymis LSH tafarlaust. Einnig má benda á það að starfshlutfall transteymis BUGL er samanlagt 190% stöðugildi. Það er ekki nærri nóg og ráða þarf fleira starfsfólk þarf til að sinna öllum þeim trans börnum og ungmönnum sem sækja þjónustu hjá BUGL, en börn bíða nú um stundir hátt í tvö ár eftir því að komast að hjá teyminu.

Þau teymi, nefndir og starfshópar sem eiga að vera starfandi skv. lögum um kynrænt sjálfræði eru:

- Teymi barna- og unglingsgeðdeildar um kynvitund
- Teymi um börn sem fæðast með ódæmigerð kyneinkenni
- Teymi Landspítala um kynvitund og breytingar á kyneinkennum
- Starfshóp til að endurskoðunar ákvæðis er getið er í 11.gr a
- Sérfræðinefnd um breytingu á skráðu kyni barns

Skv. þeim upplýsingum sem Samtökin '78 hafa þá eru aðeins tvö þessara fimm nefnda, teyma eða starfshópa starfandi og bæði þeirra undirfjármögnuð.

Grein nr. 17

Samtökin '78 fagna því að horfa eigi víðar en innanlands þegar kemur að mannréttindabaráttu hinsegin fólks. Undanfarin ár höfum við fengið fregnir af bakslagi í nágrannalöndum þegar kemur að hatri og hatursáróðri, þá sérstaklega gagnvart trans fólki. Einnig hafa Samtökin '78 verulegar áhyggjur af stöðu mála í Póllandi og Ungverjalandi sérstaklega og hafa nú styrkt sambönd sín við systursamtök í þeim löndum. Mikilvægt er að fögrum fyrirheitum og áætlunum fylgi raunhæfar aðgerðir og að stjórnvöld fordæmi hatursfulla hegðun í garð hinsegin fólks í hvívetna. Jafnframt er mikilvægt að efla samstarf félagasamtaka sem vinna að málefnum hinsegin fólks, þvert á landamæri.

Almennar athugasemdir um þingsályktunartillöguna

Umsækjendur um alþjóðlega vernd

Umsækjendur um alþjóðlega vernd eru einn jaðarsettasti hópur samfélagsins og hafa Samtökin '78 unnið markvisst á síðustu misserum að því að bæta þjónustu sína við þann hóp, en hún spannar ansi vítt svið og við höfum því góða innsýn í málaflokkinn.

Það sætir að okkar mati furðu að ekki skuli sérstaklega minnst á réttarbætur til handa hinsegin umsækjendum um alþjóðlega vernd í þessari framkvæmdaáætlun, sérstaklega ef tekið er tillit til þess að það er sá málaflokkur sem Ísland stendur sig verst í á alþjóðlegum mælikvarða ILGA-Europe (uppfyllir aðeins 1 atriði af 7). Slíkar réttarbætur munu hafa mikið að segja um stöðu Íslands á Regnbogakortinu, en betri staða Íslands á því korti er eitt yfirlýstra markmiða þeirrar framkvæmdaáætlunar sem hér er til umsagnar. Við leggjum til að úrbætur í málaflokknum verði settar fram sem sérstakt markmið.


Önnur mál sem þarf að taka á

- Klára þarf reglugerð sem afnemur mismunun í tengslum við blóðgjöf MSM
- Niðurgreiða ætti geymslu og upptöku kynfruma fyrir fólk sem fer í kynleiðréttandi aðgerðir
- Bæta þarf aðgengi HIV-jákvæðra að sjúkratryggingum
- Áframhaldandi vinna verður að fara fram til þess að að tryggja öllum börnum vernd gegn óþarfa inngripum í kyneinkenni þeirra
- Afnema verður mismunun gagnvart þörum tveggja kvenna við foreldraskráningar

Lokaorð

Þessi fyrsta framkvæmdaáætlun í málefnum hinsegin fólks er mjög metnaðarfull miðað við það sem við höfum áður séð í íslensku samhengi og Samtökin '78 fagna henni svo sannarlega. Á sama tíma er augljóst svigrúm fyrir hendi til þess að gera svo miklu betur. Hér er tækifæri til þess að taka mun stærri skref og auka þannig réttarstöðu og lífsgæði hinsegin fólks á Íslandi þannig að um munar, enda hlýtur það að vera grunntilgangur áætlana á borð við þessa. Við hvetjum forsætisráðherra til að hugsa stórt og bjóðum fram áframhaldandi aðstoð Samtakanna '78.

F.h. Samtakanna '78,



Álfur Birkir Bjarnason
Formaður



Daníel E. Arnarsson
Framkvæmdastjóri

Viðauki: Regnbogakort ILGA-Europe og íslensk löggjöf

Samtökin '78 fagna því að litið sé til Regnbogakorts ILGA-Europe, en reynsla þeirra og þekking á kortlagningu lagalegra þátta í löndum Evrópu og Mið-Asíu hefur aðstoðað hagsmunafélög sem og aðra hlutaðeigandi aðila í mannréttindabaráttu sinni. Samtökin '78 hafa tekið saman þau atriði Regnbogakortsins sem Ísland uppfyllir ekki, og á sama tíma komið með tillögur að því hvernig má bæta þá þætti.

a) Stjórnarskrá (kynhneigð, kynvitund, kyneinkenni)

Þessi punktur snýr að mismununarkafla stjórnarskrár (eða svipaðra laga ef stjórnarskrá er ekki viðhöfð í landi eða héraði). Til að uppfylla skilyrði ILGA-Europe þá þarf að uppfylla að minnsta kosti eitt eftirfarandi atriði:

- Í stjórnarskrá sé grein gegn mismunun sem tekur sérstaklega fram að kynhneigð, kynvitund eða kyneinkenni á lista yfir mismununarbreytur.
- Stjórnarskrá inniheldur almenna eða tvíræða grein gegn mismunun, en skilningur greinarinnar er sá að mismunun vegna kynhneigðar, kynvitundar eða kyneinkenna er bönnuð með greininni. Þetta verður að rökstyðja t.d. með gögnum úr undirbúningsvinnu stjórnarskrár, löggjafarsögu, lögskýringargögnum, með greinargerð eða dómaframkvæmd.
- Stjórnarskráin banni óbeint mismunun vegna kynhneigðar, kynvitundar eða kyneinkenna, t.d. með því að lýsa yfir að Mannréttinasáttmáli Evrópu sé hluti af stjórnarskránni eða hafi aðra stjórnskipulega stöðu (t.d. með yfirlýsingum stjórnvalda).

Á Íslandi eru teknar fyrir nokkrar mismununarbreytur en engin þeirra snýr að kynhneigð, kynvitund, kyneinkennum eða kyntjáningu. Eins er engin tvíræð grein gegn mismunun sem hægt er að rökstyðja með lögskýringargögnum að, t.d. 65. gr stjórnarskrárinnar, skuli taka yfir mismununarbreytur er tengjast hinseginleikanum, þar sem upptalning á mismunarbreytum er skýr, þ.e.: „...kynferðis, trúarbragða, skoðana, þjóðernisuppruna, kynþáttar, litarháttar, efnahags, ætternis og stöðu að öðru leyti.“

b). Heilsa (kynhneigð, kynvitund, kyneinkenni)

Þessi punktur nær til laga sem banna mismunun á heilbrigðissviði. Á Íslandi eru a.m.k. tvær lagastoðir sem falla beint að þessum punkti og með lagabreytingu væri möguleiki á að bæta við mismununarbreytum. Þetta eru nr. 40 Lög um heilbrigðisþjónustu og nr. 74 Lög um réttindi sjúklunga.

Þar sem lög nr. 40 fjalla almennt um skipulag heilbrigðisþjónustu en ekki notendur þá er raunhæfasta lagabreytingin líklega sú að bæta mismununarbreytunum við 1. gr laga nr. 74. Þar segir í 2. mgr: „Óheimilt er að mismuna sjúklungum á grundvelli kynferðis, trúarbragða, skoðana, þjóðernisuppruna, kynþáttar, litarháttar, efnahags, ætternis og stöðu að öðru leyti.“

c) Meðferð gegn hinseginleika (conversion therapy)

Meðferð við hinseginleika (e. conversion therapy) á sér nokkrar birtingarmyndir en þær tengjast því að hinsegin fólk er bælt eða því haldið niðri, jafnvel pyntað eða beitt ofbeldi í þeim tilgangi að það „hætti að vera hinsegin“. Þekktasta dæmið um þetta er „afhommun“ Gunnars í Krossinum sem bæði hann og Snorri í Betel töluðu reglulega um eða vísuðu til upp úr aldamótum.

Skilyrði ILGA-Europe til að uppfylla þetta atriði nær til löggjafar og/eða stefnu sem bannar meðferð að því tagi að hún byggji á þeirri forsendu að kynhneigð sé geðröskun eða annars konar röskun sem hægt er að lækna eða fjarlægja.

Á Íslandi eru engin lög sem fjalla beint um þetta atriði. Þó má færa rök fyrir því að hægt væri að gera lagabreytingu á Læknalögum (nr. 53) en hættan er sú að þau verði þá óþarflega sértæk á nákvæmlega þessu sviði. Maltneska þingið fór þá leið að setja heildarlög um hinsegin fólk, önnur en intersex fólk. Í þessum lögum er til dæmis bann við þessum meðferðum mjög skýr (Affirmation Of Sexual Orientation, Gender Identity and Gender Expression Act, nr. 567).

d) Umboð stofnanna

Þessi punktur nær til þess þegar innlend mannréttindastofnun eða jafnréttisstofnun hefur beint umboð til að vinna að stöðu kynhneigðar, kynvitundar eða kyneinkenna í lögum sínum eða stofngögnum og vinna markvisst að málefnum er falla að þessum mismununarbreytum.

Á Íslandi gæti þetta fallið undir annað hvort Jafnréttisstofu eða skrifstofu jafnréttismála innan Forsætisráðuneytisins. Annað hvort þarf að uppfæra málefnasvið skrifstofu jafnréttismála eða breyta og bæta lið merktan l (bókstafurinn L) í lögum nr. 150 Lög um jafna stöðu og jafnan rétt kynjanna.

Öll Norðurlöndin, fyrir utan Ísland, eru með þetta skýrt í sínum lögum.

e) Menntun (kynvitund, kyneinkenni)

Þessi punktur fjallar um löggjöf sem banna mismunun á sviði menntunar. Það ætti að vera mjög skýrt í lögum hvað er verið að banna og að hverju lögin eigi að miðast.

Á Íslandi höfum við uppfyllt þennan punkt en aðeins er varðar kynhneigð. Í 24. gr, 2.mgr í lögum nr. 91 Lög um grunnskóla er eftirfarandi talið upp: „Markmið náms og kennslu og starfshættir grunnskóla skulu vera þannig að komið sé í veg fyrir mismunun vegna uppruna, kyns, kynhneigðar, búsetu, stéttar, trúarbragða, heilsufars, fötlunar eða stöðu að öðru leyti.“

Því er nærtækast að bæta bæði kynvitund og kyneinkenni við þessa upptalningu.

f) Vörur og þjónusta (kyneinkenni)

Þessi punktur fjallar um mismunun sem nær til vörukaupa eða þjónustu, þ.e. að banna mismunun á því að geta keypt þjónustu eða vörur vegna kyneinkenna.

Í 180. gr Almennra hegningarlaga er tekið skýrt fram að: „Hver sem í atvinnurekstri eða þjónustustarfsemi neitar manni um vörur eða þjónustu til jafns við aðra á grundvelli þjóðernis hans, litarháttar, kynþáttar, [trúarbragða, kynhneigðar eða kynvitundar]...“.

Þarna vantar kyneinkenni til að uppfylla skilyrði þessa punkts.

g) Blóðgjafir

Þessi punktur nær til þess þegar ekki er bannað með lögum, reglugerð eða stjórnsluákvæði að gefa blóð eða hvers konar líkamsvef á grundvelli kynhneigðar eða kynvitund. Öll frestunartímabil þurfa að vera innan marka og réttlætanleg. Þetta á einnig við þegar heilbrigðisyfirvöld tryggja að:

- Ákvarðanir um tímatakmarkanir eru teknar á einstaklingsgrundvelli og byggðar á áhættumati tengdri kynhegðun almennt en ekki kynhneigð eða kynvitund
- Kynferðisleg saga þess sem gefur blóð er meðhöndluð á ódæmandi hátt.
- Að tryggja að skjöl og gögn skuli ekki notuð til að mismuna körlum sem stunda mök með körlum eða trans fólki.

Á Íslandi er mjög skýrt bann við því að ef karlmaður hefur stundað mök með öðrum karlmanni þá megi hann ekki gefa blóð. Eins ef einhver hefur sofið hjá karlmanni sem stundað hefur mök með öðrum karlmanni þá má sá aðili heldur ekki gefa blóð. Samtökin '78 hafa tekið afstöðu í málinu og aðalfundur samþykkti ályktun en þar segir m.a.:

Aðalfundur Samtakanna '78 beinir því til stjórnvalda, heilbrigðisráðherra og Blóðbankans að aflétta þeirri hrópandi mismunun sem felst í því að meina karlmönnum sem stunda kynlíf með öðrum karlmönnum, t.a.m. hommum, tví- og pankynhneigðum körlum, að gefa blóð.

Samkvæmt núgildandi reglum Blóðbankans má ekki undir neinum kringumstæðum gefa blóð ef maður er karlmaður sem hefur haft samfarir við sama kyn, eða ef rekkjunautur er karlmaður sem hefur sofið hjá karlmanni. Hér er ekki á neinn hátt tekið tillit til kynhegðunar að öðru leyti. Í reglum Blóðbankans felast því gamalgrónir fordómar, þar sem kynlíf hinsegin karla er flokkað sem áhættuhegðun algjörlega óháð öðrum þáttum, t.d. sambandsstöðu.

Í vefkönnun Samtakanna '78, sem framkvæmd var haustið 2020, kemur skýrt í ljós að yfirgnæfandi meirihluti þeirra 140 einstaklinga sem tóku þátt í könnunni telja að hverfa þurfi frá þessum úreltu reglum sem viðhalda fordómum gagnvart þeim einstaklingum sem flokkast undir MSM. Eðlilegast væri að skima alla blóðgjafa fyrir

áhættuhegðun í kynlífi. Mikill meirihluti svarenda taldi hugmyndir um að krefja hinsegin karla um ákveðinn skírlífistíma fyrir blóðgjöf niðurlægjandi.

h) Sjálfvirk foreldraskráning

Sjálfvirk viðurkenning foreldra með foreldrum nær til þess að börn sem fæðast þörum (óháð kynhneigð maka og / eða kynvitund) verða ekki fyrir neinum hindrunum til að viðurkenna lagalega stöðu sína sem foreldri. Ísland fær merkinguna „takmarkað“ á þennan punkt.

Rökstuðningur ILGA-Europe fyrir því:

Á aðeins við um börn sem hafa fæðst með gjafsæði en eins og segir í íslenskum lögum: „Kona sem samþykkt hefur að tæknifrjóvgun fari fram á eiginkonu sinni samkvæmt ákvæðum laga um tæknifrjóvgun telst foreldri barns sem þannig er getið. Sama á við um konur sem skráð hafa sambúð sína í Þjóðskrá.“ Í raun er það þó þannig að samkynja pör þurfa að skila inn gögnum vegna þessa á meðan gagnkynja pör þurfa þess ekki.

Auðveldasta leiðin væri vissulega að uppfæra barnalögin með þessa athugasemd í huga.

i) Bann við inngripum á ódæmigerðum kyneinkennum barna sem geta ekki gefið leyfi

Þessi punktur nær til þess þegar læknum eða öðru fagfólki er bannað skv. lögum að framkvæma hvers kyns skurðaðgerðir eða aðrar aðgerðir á intersex börnum eða ungmennum undir 18 ára aldri, þ.e. þegar inngripið hefur enga læknisfræðilega nauðsyn og hægt er að forðast inngripið eða fresta þangað til viðkomandi getur veitt upplýst samþykki sitt.

Ísland hefur uppfyllt nánast öll skilyrði sem þessi punktur nær yfir. Þó er það þannig að ILGA-Europe mat það svo að á meðan intersex fólki er mismunað þá er ekki hægt að gefa Íslandi stig fyrir punktinn. Í lögum um kynrænt sjálfræði er skýr ferill eins og kemur fram í 11. gr. a. Þrátt fyrir skýra og góða löggjöf þá kemur fram í 5. mgr sömu greinar laga nr. 80 um kynrænt sjálfræði: „Í þeim tilvikum þegar barn er ófært um að veita upplýst samþykki sökum ungs aldurs eða er af öðrum sökum ófært um að gefa til kynna vilja sinn skal, þrátt fyrir 2. mgr., eftirfarandi gilda um varanlegar breytingar á kyneinkennum barns yngra en 16 ára sem fæðist með ódæmigerð kyneinkenni ef þær felast í skurðaðgerð vegna of stuttrar þvagrásar (reðurhúfuneðanrásar) eða lyfjameðferð vegna vönxatar á typpi“.

Vegna þessa þá uppfyllir Ísland ekki skilyrði ILGA-Europe.

j) Afsjúkdómsvæðing

Þessi punktur nær til eftirfarandi atriða:

- Engin greining á sér stað á geðheilsu sem tengist trans málefnum í innlendum klínískum flokkunarstöðlum eða samsvarandi stöðlum. Nær yfir bæði fullorðna og unglunga eða börn.
- Aðgangur að heilbrigðisþjónustu fyrir fullorðna og unglunga eða börn er mögulegur án þess að þurfa geðheilsumat eða greiningu.
- Aðgangur að stuðningsþjónustu fyrir börn sem ekki hafa náð kynþroska er tryggð án þess að krefjast sjúkdómsgreiningar skv. stöðlum.

Á Íslandi nær þetta atriði aðallega yfir unglunga og börn, þar sem þjónusta til sjálfráða trans fólks hefur batnað mikið á undanförunum árum og aðgengi þeirra þjónustu er nú mun betri. Þó þarf fullorðins-teymið að setja sér verklagsreglur sem eru byggðar á nýjustu rannsóknum. Sama er ekki hægt að segja um BUGL, en þar er áfram krafist frumgreiningar ásamt því að börn fá enn nákvæmlega sömu þjónustu óháð því hvort um kynama er að ræða eða samþættan vanda.

k) Almenn lög (kynhneigð, kynvitund, kyneinkenni)

Í raun er þessi punktur sá einfaldasti, eina krafan sem er sett fram af ILGA-Europe er að í lögum um alþjóðlega vernd, Útlendingalög í okkar tilfelli, þá þarf að minnast á mismununarbreyturnar kynhneigð, kynvitund og kyneinkenni og þá í þeim tilgangi að einstaklingurinn á frekar að fá vernd vegna þeirra.

Á Íslandi er hinsegin fólk ekki á meðal þeirra sem listað er upp undir „Einstaklingar í sérstaklega viðkvæmri stöðu“. Þrátt fyrir að finna megi lögskýringargögn sem tæpa á þessum breytum þá náði það ekki fram að ganga til að enda í fullbúnum lögum. Vegna þessa þá uppfyllir Ísland engin skilyrði fyrir þennan punkt.

l) Stefna eða jákvætt framtak (alþjóðleg vernd (kynhneigð, kyneinkenni))

Þetta atriði tekur til þeirra þátta þegar hinseginleiki (kynhneigð, kynvitund, kyneinkenni) er sérstaklega tilgreindur í stefnum, leiðbeiningum eða öðrum ráðstöfunum vegna alþjóðlegrar verndar.

Á Íslandi uppfylfum við aðeins þetta skilyrði þegar um kynvitund er að ræða, en einstaklingar sem leita að alþjóðlegri vernd á Íslandi geta breytt kynskráningu sinni á opinberum gögnum. Kynhneigð og kyneinkenni eru ekki nefnd neins staðar.